

Fimmtudaginn 24. mars 1994.

Nr. 510/1993.

Ákærvaldið

(Egill Stephensen saksóknari)

gegn

Ómari Traustasyni

(Jón Hjaltason hrl.)

Börn. Kynferðisbrot. Skaðabætur. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Garðar Gíslason, Guðrún Erlendsdóttir, Gunnar M. Guðmundsson og Hjörtur Torfason.

Ákærði hefur áfrýjað máli þessu í heild sinni, og var því af hálfu ákærvalds skotið til Hæstaréttar með stefnu 11. nóvember 1993. Krefst ákærði sýknu, en ákærvaldið staðfestingar á sakfellingu hans og þyngingar á refsingu. Við munnlegan málflutning fyrir Hæstarétti krafðist ákærvaldið þess jafnframt, að ákærði yrði dæmdur til greiðslu miskabóta í samræmi við kröfu þess efnis í ákæruskjali, sem gerð er grein fyrir í héraðsdómi.

Í 1. mgr. in fine 155. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála segir, að hafi krafa borgararéttarlegs eðlis, sbr. XX. kafla laganna, verið dæmd að efni til í héraðsdómi, skuli þess getið í áfrýjunarstefnu, ef máli er áfrýjað, að því er hana varðar. Í 1. mgr. 173. gr. laganna segir, að í Hæstarétti skuli taka til meðferðar með venjulegum hætti bótakröfu, sem hefur verið dæmd að efni til í héraði, ef máli er einnig áfrýjað í því skyni. Framangreind skaðabótakrafa, sem ekki er getið í áfrýjunarstefnu, kemur samkvæmt þessum lagaákvæðum ekki til endurskoðunar hér fyrir dómi í máli þessu, og ber að vísa henni frá Hæstarétti.

Háttsemi ákærða samkvæmt III. og IV. lið ákæru fellur undir 2. málslíð 1. mgr. 202. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 10. gr. laga nr. 40/1992.

Að öðru leyti ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm með skírskotun til forsendna hans.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Framangreindri skaðabótakröfu er vísað frá Hæstarétti.

Ákærði, Ómar Traustason, sæti fangelsi 10 mánuði.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 60.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Hjaltasonar hæstaréttarlögmanns, 60.000 krónur.

S é r a t k v æ ð i**Hjartar Torfasonar**

Í áfrýjunarstefnu málsins var þess ekki getið, að því væri áfrýjað, að því er varðaði ákvörðun héraðsdóms um skaðabætur, sbr. niðurlagsákvæði 1. mgr. 155. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Ljóst var þó, að ákærði ætlaðist til þess við ákvörðun sína um áfrýjun málsins í heild, og þurfti hann ekki að láta þess sérstaklega getið eftir ákvæðum laganna, að ákvörðunin næði til bótaþáttarins. Jafnframt liggur fyrir, að til þess var ætlast af hálfu bótakrefjanda, að upphaflegri kröfu hans yrði fylgt eftir hér fyrir dómi. Samkvæmt lögnum er ákærvaldinu falin öll forsjá um frágang áfrýjunarstefnu, þótt hún varði einnig einkaréttarlega hagsmuni þriðja manns, nema máli sé áfrýjað vegna þeirra einna, sbr. 173. gr. laganna. Í þessu tilviki var um að ræða bersýnilegan misgáning við stefnuútgáfuna, sem hefur ekki raskað grundvelli málsins eða aðstöðu til flutnings þess hér fyrir dómi. Hafa þeir aðilar, sem hagsmunina eiga, báðir vænst þess, að krafan yrði tekin hér til meðferðar með venjulegum hætti, þrátt fyrir þennan ágalla. Tel ég fyrrgreint ákvæði ekki svo fortakslaust, að þetta sé ekki heimilt. Þar sem niðurstaða annarra dómenda er á annan veg, eru ekki efni til skoðunar á kröfunni, en um aðra þætti málsins er ég samþykkur atkvæði þeirra.

Dómur Héraðsdóms Suðurlands 7. október 1993.

1.

Mál þetta, sem dómtekið var 16. f.m., er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, út gefnu 19. apríl 1993, á hendur ákærða, Ómari Traustasyni, kt. 161261-3199, Hólagötu 2, Vestmannaeyjum, „fyrir eftirtalin kynferðisbrot framin í Vestmannaeyjum á tímabilinu frá mars 1990 til janúar 1992:

I.

Í mars 1990 að kvöldi dags á þáverandi dvalarstað sínum að Fífilgötu 10 sýnt drengnum A, sem þá var 9 ára og ákærði hafði boðað á sinn fund, klámkvikmynd, látið hann afklæðast að nokkru leyti, farið höndum um getnaðarlim drengsins og tekið lim hans í munn sér og jafnframt tekið getnaðarliminn út á sjálfum sér og handleikið hann í viðurvist drengsins.

II.

Í febrúar/mars 1991 að kvöldi dags að Fífilgötu 10 sýnt drengnum B, sem þá var 12 ára og ákærði hafði boðað á sinn fund, klámkvikmynd, tekið út á sér getnaðarliminn og beðið B um að fara höndum um hann, sem B neitaði, og horfði ákærði þá á kvikmyndina áfram með liminn utan klæða í viðurvist drengsins þar til hann fór á brott skömmu síðar.

III.

Í síðari hluta maí 1991 að kvöldi dags ekið með drenginn C, sem þá var 10 ára, í bifreið sinni að Helgafelli, látið drenginn skoða klámblið og síðan þreifað inn undir buxur hans og farið höndum um kynfæri hans og loks fróað sér við hlið drengsins í bifreiðinni.

IV.

Í janúar 1992 að kvöldi dags ekið með drenginn D, sem þá var 10 ára, í bifreið sinni niður að Klauf, sýnt honum þar klámblið, losað um buxur drengsins og farið höndum um kynfæri hans og jafnframt beðið drenginn um að handleika kynfæri sín, sem drengurinn gerði ekki, og þá fróað sér sjálfur í viðurvist drengsins í bifreiðinni og orðið við það sáðfall.

V.

Framangreind brot ákærða í liðum I, III og IV teljast varða við 1. mgr. 202. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 10. gr. laga nr. 40/1992, sbr. áður 202. gr., sbr. 200. gr. almennra hegningarlaga, og brot ákærða í lið II telst aðallega varða við sama ákvæði, en til vara við 209. gr. og 3. mgr. 210. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 15. gr. laga nr. 40/1992, og enn fremur teljast öll framangreind brot ákærða varða við 66. gr. laga um vernd barna og ungmenna nr. 58/1992, sbr. áður 45. gr. laga nr. 53/1966.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar.

Fyrir hönd drengsins A gerir Einar Gautur Steingrímsson héraðsdómslögmaður kröfu um að ákærði verði dæmdur til greiðslu miskabóta, að fjárhæð kr. 2.000.000, auk innheimtuþóknunar, kr. 116.930, virðisaukaskatts, kr. 28.648, og dráttarvaxta“.

— — —

3.

Niðurstaða.

Ákærði hefur staðfastlega og allt frá upphafi rannsóknar neitað þeim sökum, sem á hann eru bornar í ákæru. Er frásögn ákærða af samskiptum hans við þá drengi, sem hér um ræðir, ekki grunsamleg í sjálfu sér, þó að af henni megi vera ljóst, að þau voru ekki í alla staði við hæfi.

Á hinn bóginn er til þess að líta, að umræddir fjórir drengir hafa fyrir dómi staðfastlega haldið því fram að ákærði hafi haft í frammi gagnvart þeim þá háttsemi sem í ákæru greinir. Er sá framburður þeirra í öllum atriðum í samræmi við fyrri skýrslur sem sagðar eru skráðar eftir þeim og liggja frammi í málinu.

Saksókn ákæruvalds gegn ákærða er aðallega byggð á skýrslum þeirra Brynjars Eiríkssonar sálfræðings og Hjalta Kristjánssonar lækni um viðtöl, sem þeir áttu við umrædda drengi 20. og 27. mars 1992 og 28. apríl sama ár. Þeir Brynjar og Hjalti hafa fyrir dómi staðfest efni þeirra skýrslna sem hér um ræðir. Þá hafa þeir metið þar greindar frásagnir drengjanna af málsatvikum trúverðugar og fært rök, sem áður eru tiltekin, fyrir því mati sínu. Við áframhaldandi rannsókn málsins hafa drengirnir í litlu sem engu hvikað frá því sem eftir þeim er haft í framangreindum skýrslum og misræmis hefur ekki orðið vart í framburði þeirra hvers um sig. Þá styðja þær skýrslur, sem mæður drengjanna gáfu fyrir dómi, í öllum meginatriðum þá niðurstöðu, að málsatvik hafi verið með þeim hætti sem drengirnir hafa lýst og ákæra í málinu grundvallast á. Fyrir dómi voru frásagnir drengjanna á köflum tilfinningaþrungnar, einkanlega frásagnir þeirra D og C, og ljóst verður að telja, að þeir lýstu atburðum, sem þeir hafa sjálfir upplifað sem erfiða reynslu. Framburður þeirra D og B var skilmerkilegur og í heild voru frásagnir drengjanna trúverðugar að mati dómshöfundar.

Þegar lítið er til þess, sem nú hefur verið rakið, og að virtum sakargögnum þykir ekki varhugavert þrátt fyrir eindregna neitun ákærða að leggja framburð drengjanna til grundvallar við úrlausn málsins og telja nægar sönnur fram komnar um það, að ákærði hafi í öllum atriðum gerst sekur um það atferli, sem hann er hér saksóttur fyrir.

Í ákæru er brot ákærða gagnvart drengnum A talið hafa átt sér stað í mars 1990. Viðamikil rök hníga að því, að verknaðarstund sé að þessu leyti ranglega tilgreind í ákæru og að brotið hafi verið framið allt að ári síðar en þar greinir. Þá er aldur þeirra B og C miðað við verknaðartíma samkvæmt ákæruliðum II og III, ranglega tilgreindur í ákæruskjali. Framangreind at-riði varða þó ekki frávísun málsins né koma í veg fyrir, að áfall verði dæmt, enda hefur vörn ekki verið áfátt af þessum sökum, sbr. 1. mgr. 117. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála.

Háttsemi ákærða samkvæmt lið I, III og IV í ákæru varðar við 1. málsl. 1. mgr. 202. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 10. gr. laga nr. 40/1992, sbr. áður 202. gr., sbr. 200. gr. almennra hegningarlaga. Þá varðar kynferðisleg áreitni ákærða gagnvart B, sbr. II. lið ákæru, við 2. málsl. 1. mgr. 202. gr. hegningarlaganna, eins og henni var breytt með lögum nr. 40/1992, sbr. áður 209. gr. almennra hegningarlaga. Í nefndri 202. gr. eru sérákvæði um kynferðislega áreitni gagnvart börnum og eru ekki efni til að beita jafnframt ákvæði í lögum um vernd barna og ungmenna, sem til er vísað í ákæru, sbr. Hrd. 6. maí 1993 í málinu nr. 440/1992.

4.

Ákvörðun refsingar.

Ákærði hefur ekki áður sætt refsingu, sem áhrif hefur á ákvörðun refsingar í því máli sem hér er til meðferðar.

Refsing ákærða þykir með sérstakri vísan til 1. tölul. 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og hliðsjón af 77. gr. sömu laga hæfilega ákveðin 10 mánaða fangelsi.

5.

Skaðabætur, sakarkostnaður og fleira.

Krafist hefur verið 2.000.000,00 króna miskabóta vegna brots þess, sem greinir í IV. ákærulið, auk innheimtuþóknunar, virðisaukaskatts og dráttarvaxta. Er krafa þessi sett fram í bréfi Einars Gauts Steingrímssonar hér-aðsdomslögmanns, dags. 15. mars 1993. Ákærði hefur mótmælt bótakröf-unni og krafist sýknu af henni.

Telja verður, að atferli ákærða gagnvart drengnum D hafi verið til þess fallið að valda honum miska, og þykja bætur hæfilega ákveðnar 200.000 krónur.

D og foreldrar hans nutu aðstoðar lögmanns við gerð bótakröfu. Þykir kostnaður vegna þess hæfilega ákveðinn 15.000 krónur, sbr. 4. mgr. 172. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála.

Samkvæmt framansögðu verður ákærði dæmdur til að greiða D 215.000 krónur. Skal sú fjárhæð bera vexti svo sem nánar greinir í dómsorði, en ekki verður séð að bótakrafa hafi verið birt ákærða fyrr en við birtingu ákæru þann 14. maí sl. Dráttarvaxta er hins vegar krafist frá 19. s.m.

Dæma ber ákærða til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 100.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Hjaltasonar hæstaréttarlögmans, 100.000 krónur.

Af hálfu ákæruvalds annaðist Egill Stephensen saksóknari sókn málsins. Þorgeir Ingi Njálsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Ómar Traustason, sæti fangelsi í 10 mánuði.

Ákærði greiði D 215.000 krónur ásamt vöxtum samkvæmt 7. gr., sbr. 8. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. 2. gr. laga nr. 67/1989, frá 19. maí 1993 til 14. júní s.á., en dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 100.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Hjaltasonar hæstaréttarlögmans, 100.000 krónur.
